

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2020

2023/EES/70/58

frá 11. desember 2020

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 frá 19. mars 2019 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/516 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE ⁽²⁾ og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) ⁽³⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar á brott úr samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. viðauka við EES-samninginn:

1. Í stað texta 19. liðar (tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE) kemur eftirfarandi:

„**32019 R 0516**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 frá 19. mars 2019 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) (Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 19).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda ekki um Liechtenstein.“

2. Texti liðar 19p (reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/516, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 49, 21.2.1989, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.